

INNHERJI

Dyrkeypt stjórnarseta

Í nýjum dómi héraðsdóms eru stjórnarmenn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs dæmdir til greiðslu samtals 36 milljóna króna auk dráttarvaxta vegna ákvarðana sem teknar voru á tveimur stjórnarfundum árið 2008. Þær ákvarðanir reyndust rangar þegar allt var gert upp, alltént að því marki sem viðskiptalegar ákvarðanir sem leiða til taps teljast rangar. Í stórum lífeyrissjóðum þar sem höndlað er með tugi og jafnvel hundruð milljarða verður aldrei komist hjá því að einhverjar fjárfestingar tapist eða rýrni að verulegu leyti. Það eitt og sér er ekki saknæmt en öðru máli gegnir um það þegar menn fara út fyrir umboð sitt með einhverjum hætti og þurfa þeir þá að standa skil gjörða sinna frammi fyrir refsivendi réttlætisins.

Ekki tekur Innherji sérstaklega afstöðu til dómsniðurstöðunnar sem slíkrar. Hinu veltir hann fyrir sér hvort nokkur maður muni nokkru sinni aftur láta sér detta það í hug að setjast í stjórn lífeyrissjóðs. Ábyrgðin sem því fylgir, og sumir hafa reyndar í flimtingum, er mikil þegar upp er staðið. Það kemur

glögglega í ljós þegar lítið er til fyrrnefnds dóms. Fyrir utan allt það þras sem einkennir lífeyrissjóðakerfið, og stjórnarmenn þurfa öðrum fremur að svara fyrir, getur það reynt stórvarasamt að voga sér að verma hin háu sæti.

Þeir sem sitja uppi með bótakröfuna í hinu nýdæmda máli, en hún er eflaust ekki lægri en 10 milljónir á stjórnarmann þegar allt hefur verið tekið til, höfðu sest í stjórn lífeyrissjóðs og þegið fyrir það réttar 50 þúsund krónur á mánuði. Varformaðurinn eilítið meira og formaðurinn tvöfalt það sem meðstjórnendur þáðu. Í vasann hefur þá meðstjórnandi fengið um það bil 30 þúsund krónur, þegar skattar og skyldur höfðu verið gerð upp. Það þýðir að hver og einn meðstjórnandi hefur þurft að leggja stjórnarlaun sín óskipt til hliðar í 28 ár, hafi hann ætlað að koma út á sléttu í starfi sínu fyrir sjóðinn. Auðvitað má kalla þennan útreikning verulega einföldun en hann varpar þó ágætu ljósi á að stjórnarlaun í lífeyrissjóðum eru í engu samræmi við það sem stjórnarseta á þeim vettvangi getur kallað yfir menn.

RÉTTARRÍKIÐ ÞÓRODDUR BJARNASON



Morgunblaðið/Styrmir Kári

Fjöldi aðila sér sóknarfæri í veitingarekstri í miðborg Reykjavíkur.

Mikil ásókn í veitingarekstur

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Eigandi Þingvangs segir stóraukna ásókn í leiguhúsnæði í miðborg Reykjavíkur breyta forsendum byggingarverkefna.

Fjöldi aðila undirbýr veitingarekstur í miðborg Reykjavíkur og skiptir sætafjöldinn á væntanlegum veitingastöðum hundruðum.

Pálmar Harðarson, fjárfestir hjá Þingvangi, stýrir uppbyggingu á Hljómalindarreitnum. Þar hefur verið sótt um leyfi fyrir veitingahús fyrir 129 gesti á Klapparstíg 30. Ofar í götunni, á Klapparstíg 33, hefur verið sótt um leyfi fyrir bar og veitingastað fyrir 100 gesti. Á Laugavegi 96, austan við Stjörmutorgið, biður önnur umsókn afgreiðslu um leyfi fyrir 95 manna veitingastað. Dæmin eru mörg.

Uppbyggingin á Hljómalindarreitnum fór á ís vegna hrunsins. Pálmar segir leiguverð á atvinnu-

húsnæði í miðborginni hafa tvöfaldast síðan uppbyggingin var fyrst áformuð um miðjan síðasta áratug.

Eftirspurnin eftir leiguhúsnæði sé orðin mun meiri en þegar forsendur verkefnisins voru fyrst metnar.

Hljómalindarreiturinn verði tilbúinn í byrjun júní. Þá muni hótelið Canopy Reykjavík hefja rekstur, sem og verslun 66° Norður á Laugavegi, gegnt Máli og menningu. Klapparstígurinn verði tilbúinn í haust.

Vilja selja föt og minjagripi

„Síðan við hófum uppbygginguna 2014 hefur Laugavegurinn fyllst af fólki. Eftirspurnin mun líklega hækka verðið á íbúðum sem við seljum og leiguverðið líka. Það gæti skapað einsleitni, enda hafa fáir orðið ráð á leigunni. Eigendur verslana af öllum gerðum vilja koma og leigja húsnæði, til dæmis undir fataverslanir og minjagripiabúðir. Margir vilja líka opna kaffihús eða veitingastað. Það er endalast af slíkum aðilum. Það vilja til dæmis margir opna finan veitingastað á Klapparstíg 30,“ segir Pálmar Harðarson fjárfestir.

VIÐSKIPTI Á MBL.IS



13 ára sigurgöngu Apple lokið

Langri sigurgöngu Apple lauk í gær þegar fyrirtækið tilkynnti fyrsta tekjusatdráttinn í þrettán ár.



Mest lesið í vikunni

- 1 800 kommóður á nokkrum mínútum
- 2 „Ég á hraðametið í peningatapi“
- 3 Rekinn þegar skattsvikin komust upp
- 4 Fleiri nöfn tengd við Panama í kvöld
- 5 Slopur Georgs litla seldist upp

Skrifstofuhúsgögn

Goal 322G & 152G

Fjölstillanlegir gæðastólar ásamt frábæru úrvali skrifstofuhúsgagna, eins og hæðastíllanleg skrifborð, muna- og skjalaskápar, borð og stólar í fundarherbergið og margt fleira.

**Veldu það besta fyrir þig
Það kostar minna en þú heldur**

INNXX
Innréttingar

Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is